

Ríkissaksóknari  
Hverfisgötu 6  
150 Reykjavík  
faxnr. 530-1606

Reykjavík, 14. desember 2010.

**Efni: Kæra á ákvörðun Ríkislögreglustjóra um að hætta rannsókn á málefnum starfsmanna, stjórnar og starfsemi Gildis lífeyrissjóðs, mál nr. 066-2010-938.**

Þann 22. september s.l. sendi ég beiðni um rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs til embættis yðar, Ríkislögreglustjóra og Sérstaks saksóknara. Í bréfi mínu sem er hjálagt fór ég nokkuð ítarlega yfir þær ástæður sem réttlæta ítarlega rannsókn á málefnum Gildi lífeyrissjóðs, starfsmanna hans og stjórnar. Þann 13. október s.l. barst mér tölvupóstur frá Sólberg S. Bjarnasyni aðstoðaryfirlögrelupjóni í efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra. Þar var mér tilkynnt að saksóknari efnahagsbrotadeildar hafi þann 30. september s.l. tekið ákvörðun um að málið skyldi sæta rannsókn en að máli hafi ekki enn verið úthlutað til rannsóknar, sbr. nánar í hjálögðum gögnum. Opinber umfjöllun hófst síðan um miðjan október mánuð en þar sem það snertir ekkert rannsókn málsins verður ekki fjallað um það hér.

Þann 17. nóvember s.l. sendi ég hjálagt bréf til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra. Tilgangur þess var að fylgja erindi mínu eftir og falast eftir upplýsingum um hvernig rannsókn máls gengi. Þann 22. nóvember barst mér síðan afrit af bréfi efnahagsbrotadeildar til Gildis lífeyrissjóðs þess efnis að ákveðið hefði verið að hætta rannsókn á málefnum Gildis, starfsmanna hans og stjórnar. Sem kærandi og sjóðsfélagi í Gildi lífeyrissjóðs hef ég hagsmuni að gæta, sbr. 6. mgr. 52. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, og hef því ákveðið að kæra til embættis yðar þessa ákvörðun setts saksóknara efnahagsbrota á grundvelli 4. mgr. 52. gr. sömu laga.

Í bréfi setts saksóknara efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra frá 18. nóv. s.l. er vísað til þess að bréf mitt hafi verið sent Fjármálaeftirlitinu (FME) til skoðunar og sérstaklega með tilliti til þess hvort eftirliti með sjóðnum hafi verið með fullnægjandi hætti. Því hafi verið svarað þannig að FME hafi ekki talið tilefni til að hefja rannsókn á Gildi lífeyrissjóði og er það hjálagt. Það sem vekur hins vegar undrun mína og eflaust þína er að með vísan til þessa hafi ríkislögreglustjóri hvorki talið tilefni né grundvöll til að halda áfram opinberi sakamálarannsókn á

grundvelli bréfs frá FME sem tekur fram að þeir hafi ekki talið tilefni til sérstakrar rannsóknar. Telja verður það mjög alvarlegt ef ríkislögreglustjóri sem hefur þegar ákveðið að hefja sjálfstæða rannsókn á starfsmönnum og stjórnendum Gildis og sjóðnum sjálfum ákveður á grundvelli bréfs frá öðru stjórnvaldi að hætta rannsókn án nokkurrar sjálfstæðrar skoðunar eða eiginlegrar rannsóknar á því sem til rannsóknar er. Enginn frekari rök eru gefin fyrir niðurfellingu á rannsókn. Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 er rannsókn sakamála í meðferðum lögreglu nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum. Samkvæmt bréfi ríkislögreglustjóra virðist rannsókn málsins og ákvörðun um afdrif þess hins vegar hafa verið sett í hendur FME. Telja verður það ámælisvert svo ekki sé sterkara til orða tekið.

Vísað er til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála í hjálögðu bréfi saksóknara. Þar segir að sé rannsókn hafin getur lögregla hætt henni ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram, svo sem í ljós kemur að kæra hafi ekki verið á rökum reist eða brot smávægileg og fyrirsjáanlegt er að rannsókn muni hafa í för með sér óeðlilegan mikla fyrirhöfn og kostnað. Það er hins vegar ekkert um þetta fjallað með nánari hætti í bréfi ríkislögreglustjóra. Slík vinnubrögð eru ekki fullnægjandi og geta vart talist málefnaleg í ljósi þeirra gríðarlegu hagsmuna sem í húfi eru. Færa má rök fyrir því að hér sé verið að tala um meira tap fleiri manna en áður hefur þekkt á Íslandi, sbr. hjálagða samantekt FME.


Með rannsókn opinbers máls er átt við þær aðgerðir lögreglu og ákærvalds sem miða að því að upplýsa hvort framið hafi verið brot sem sæta saksókn skv. lögum um meðferð sakamála. Af bréfi saksóknara má leiða að enginn eiginleg rannsókn hafi farið fram, ekki hafi verið aflað neina gagna, engar skýrslutökur eða annað sem telja verður hluti af sjálfstæðri rannsókn á opinberu máli verið gert. Í þessu sambandi má einnig benda á þann stutta tíma sem leið frá því að rannsókn var í **bið** skv. hjálögðum tölvupósti dags. 13. okt. s.l. og þar til skyndilega var hætt við rannsókn með bréfi dags. þann 18. nóvember s.l. Með vísan til eðli málsins og umfang ber að telja þetta alltof skamman tíma til að fá botn í það hvort mál sé tækt til rannsóknar og útgáfu ákæru eður ei. Þegar af þeim sökum ber að telja rétt og skylt að hefja rannsókn á nýjan leik og gera þetta eins og mönnum sæmir og lögum samkvæmt.

Með vísan til bréfs míns dags. 22. september 2010 ber að telja að það sé lögmætur grundvöllur fyrir því að ríkislögreglustjóri rannsaki með sjálfstæðum og lögmæltum hætti hvort refsiverð brot hafi verið framin þar sem fyrir liggur grunur um refsiverðan verknað af hálfu starfsmanna, stjórnar og starfsemi Gildi lífeyrissjóðs.

Er þess krafist að Ríkissaksóknari snúi við ákvörðun sett saksóknara efnahagsbrota Ríkislögreglustjóra og fyrirskipi að rannsókn skuli áframhaldið í framangreindu máli.

Vænti viðbragða embættisins um hæl.

Virðingarfyllst,



Jóhann Páll Símonarson

Hjálgöð gögn:

Bréf mitt til embætti yðars, sérstaks saksóknara og ríkislögreglustjóra 22. september 2010.

Bréf Ríkissaksóknara dags. 25. september 2010.

Tölvupóstur Sólbergs S. Bjarnarsonar aðstoðaryfirlögregluþjóns dags. 13. október 2010.

Bréf FME dags. 17. nóvember 2010.

Bréf mitt til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra dags. 17. nóvember 2010.

Bréf Ríkislögreglustjóra dags. 18. nóvember 2010 – móttakið af minni hálfu þann 22. nóvember 2010.

Úttekt FME á lífeyrissjóðum árið 2009, bls. 8, 18, 26, 45 og 80.

Ríkislögreglustjóri  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. september 2010.

**Efni: Beiðni um rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs.**

Undirritaður er sjóðsfélagið í Gildi lífeyrissjóð og hefur sem slíkur fylgst með athöfnum og athafnaleysi stjórnar og starfsmanna Gildi lífeyrissjóðs undanfarin ár. Hef setið ársfundi sjóðsins og komið þar á framfæri athugasemdum og spurningum er varðar rekstur sjóðsins og hið risavaxna tap sem hefur orðið á fjárfestingum sjóðsins fyrir hið svokallað efnahagshrun í október 2008. Samkvæmt ársskýrslum sjóðsins 2008 og 2009 hefur tap sjóðsins verið langt umfram það sem kallast getur eðlilegt og í samræmi við almenna og löglega viðskiptahætti. Framganga stjórnar og starfsfólks sjóðsins er með þeim hætti að vert er að rannsaka hvort lög hafi verið brotin í starfsemi Gildi lífeyrissjóðs á misserum fyrir og e.t.v. eftir áðurnefnda hrun. Það er einmitt erindi bréfs míns. Að benda á ákveðna þætti sem mig langar að biðja embættið um að taka að sér að rannsaka eða upplýsa mig, ef svo ber við, um að rannsókn sé í gangi á málefnum Gildi lífeyrissjóðs, stjórnarmanna og starfsmanna er þessi atriði varða eða að öðru leyti.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir rannsóknarskýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (RNA) sem ég býst við að þitt háæruverða embætti hafi einnig gert þá langar mig að benda á nokkur atriði þar sem rökstyðja beiðni mína um rannsókn á málefnum Gildi lífeyrissjóðs. Af lestri rannsóknarskýrslu og ársskýrslum sjóðsins 2008, 2009 og 2010 má sjá berum orðum að sjóðurinn hefur farið nokkuð langt fram úr heimildum sínum til fjárfestinga skv. lögum sem um þá gilda og tap á starfsemi sjóðsins með öllu óeðlilegt og rannsóknarvert.

Fyrir það fyrsta má hér nefna umfjöllun RNA í skýrslu nr. 8 á bls. 68 – 77. Þar kemur fram umfjöllun um stöðu og starfshætti lífeyrissjóðanna og þar á meðal Gildi lífeyrissjóðs. Á bls. 77 segir eftirfarandi orðrétt:

„Margt er óljóst um stöðu lífeyrissjóðanna og starfshætti þeirra en málefni þeirra kalla á sérstaka rannsókn og greiningu...“

Hér má einnig nefna umfjöllun og ályktun RNA í skýrslu nr. 4 á bls. 209-213. Þar er fjallað um hlutdeilarskirtinshafa. Á bls. 211 er að finna stjórnarmenn Gildis lífeyrissjóðs á lista yfir eigendur hlutdeildarskirtina. RNA dregur þá ályktun að þeir meðal annarra gætu mögulega verið í aðstöðu til að nýta sér upplýsingar sem gætu haft áhrif á ákvörðuntöku

hvað varðar eigna þeirra í þeim sjóðum sem athugun RNA náði yfir. Í því sambandi veltir RNA upp álitlegum spurningum s.s. hvenær þeir aðilar tóku fjármuni sína úr þessum sjóðum. Á bls. 213 í skýrslu RNA kemur fram að RNA skoðaði nánar úttektir úr þessum sjóðum s.s. hverjir og á hvaða tíma. Þar kemst RNA að þeirri niðurstöðu að þó nokkur munur sé á úttektum hjá tengdum aðilum og ótengdum á því tímabili sem athugun tók til. RNA vekur athygli á því hversu mörg fyrirtæki, starfsmenn þeirra og tengdir aðilar seldu nær öll hlutdeilarskirteini sín í september 2008. Á sama stað kemur fram að RNA vísi þessu til embætti ríkissaksóknara og sérstaks saksóknara m.a. í því ljósi að ætla megi að munur hafi verið á aðgengi þessara aðila að upplýsingum um stöðu sjóðanna með tillit til þeirra regla sem gilda um meðferð slíkra upplýsinga.

Í skýrslu Fjármálaeftirlitsins ( FME ) um lífeyrissjóði, ársreikningar 2009 ásamt kennitölum og öðrum upplýsingum<sup>i</sup>, má einnig finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um að starfsemi Gildi lífeyrissjóðs hafi ekki verið lögum samkvæmt og stjórn og starfsmenn e.t.v. farið á svið við lög og reglur. Má þar sérstaklega nefna neikvæða meðalávöxtun á árunum 2005-2009 sem nemur -1% og að hrein eign umfram heildaskuldbindingu -11.6% og hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar -15.3, sbr. nánar á bls. 45 og 80. Hvet ég starfsmenn embættisins að kynna sér vel áðurgreinda skýrslu þar sem hún gefur skýra mynd af því óheyrilega tapi sem stjórn og starfsmenn Gildi lífeyrissjóðs hafa valdið á því fé sem almenningur hefur falið þeim að gæta og vaxta.

Benda mætti eflaust á fjölmörg önnur dæmi, bæði í skýrslu RNA og árskýrslum Gildi lífeyrissjóðs. En læt það í ykkar hæfu hendur að grafa dýpra í þessu mál.

Vænti viðbragða embættisins um hæl.

Virðingarfyllst,

---

Jóhann Páll Símonarson

Bréf einnig sent til ríkissaksóknara  
og sérstaks saksóknara.

---

<sup>i</sup> Skýrsluna má finna á eftirfarandi vefslóð: <http://fme.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7462>

# RÍKISSAKSÓKNARI

Ríkislögreglustjórnin
Innk. 27. SEP. 2010
Málsnr. 2010090189
Bréfal. 14. 01 Kvæ

Reykjavík, 25. september 2010.

VS/

Tilv.: 201009-0900-620

Ríkissaksóknari hefur móttengið bréf Jóhanns Páls Símonarsonar, dagsett 22. þ. m. þar sem óskað er rannsóknar á málefnum Gildis lífeyrissjóðs. Telur hann að framgangi stjórnar og starfsfólks sjóðsins hafi verið með þeim hætti að vert sé að rannsaka hvort lög hafi verið brotin í stafsemi Gildis lífeyrissjóðs á misserum fyrir og e.t.v. eftirhrun bankanna. Er þess óskað að embætti ríkissaksóknara taki að sér að rannsaka eða upplýsa eftir atvikum um hvort rannsókn sé í ganga á málefnum Gildis lífeyrissjóð, stjórnarmanna og starfsmanna.

Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu nema örðuvísi sé fyrir mælt í lögum, sbr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt upplýsingum frá embætti sérstaks saksóknara er ekki verið að rannsaka málefni Gildis lífeyrissjóðs við það embætti. Umrædd beiðni ásamt fylgigögnum er því framsend embætti efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra til þóknarlegrar meðferðar.

  
Valtýr Sigurðsson  


Í RANNSÖKN.

SKRÁ EINNIG  
249.50. a  
MALIA

SEK

Ríkislögreglustjórnin

Afrit: Jóhann Páll Símonarson, Stakkhömrum 4, Reykjavík

Póstfang:  
Hverfisgata 6  
150 Reykjavík

Sími:  
530-1600  
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:  
530-1606

Kennitala:  
530175-0229

**From:** Sólberg Svanur Bjarnason [<mailto:solberg@rls.is>]  
**Sent:** 13. október 2010 09:52  
**To:** [stakkhamrarv@simnet.is](mailto:stakkhamrarv@simnet.is)  
**Subject:** Fyrirspurn um mál nr. 006-2010-938 - Jóhann Páll Símonarson

Sæll Jóhann Páll.

Með vísan til tölvupósts þíns 12. október sl. til ríkislögreglustjóra merktur „Fyrirspurn“, þar sem spurst er fyrir um erindi er varðar lífeyrissjóðinn Gildi til embættis ríkislögreglustjóra 23. september sl., vil ég fyrir hönd embættisins veita þér eftirfarandi upplýsingar.

Umrætt erindi þitt, kæra, barst efnahagsbrotadeild 23. september sl. og var þá skráð í upplýsingakerfi lögreglu. Kæran hefur málnúmerið 006-2010-938 í lögreglukerfinu og 2010090163 í skjalavörslukerfi ríkislögreglustjóra.

Þann 30. september tók saksóknari efnahagsbrotadeildar ákvörðun um að málið skyldi sæta rannsókn í efnahagsbrotadeild. Málinu hefur ekki verið úthlutað til rannsóknar og því miður er ekki enn fyrirséð hvenær af því verður. Málið hefur því stöðuna „Bíður rannsóknar“ í dag.

F.h.  
RLS

Sólberg S. Bjarnason, aðstoðaryfir lögregluþjónn í efnahagsbrotadeild  
Embætti ríkislögreglustjóra,  
Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.  
Sími 444-2500  
Tölvupóstur: [solberg@rls.is](mailto:solberg@rls.is)

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Ríkislögreglustjórinn  
B.t. Öldu Hrannar Jóhannsdóttur,  
setts saksóknara efnahagsbrotadeildar  
Skúlagata 21  
101 Reykjavík

17. nóvember 2010  
Tilvísun: 2010010229

## Efni: Varðandi beiðni um rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs

Fjármálaeftirlitið hefur mótttekið afrit af bréfi Jóhanns Páls Símonarsonar til Ríkislögreglustjóra, dags. 22. september sl., þar sem hann fer fram á rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs. Fjármálaeftirlitið vill af því tilefni taka fram að lífeyrissjóðurinn lýtur lögbundu eftirliti. Þau atriði sem tilgreind eru í bréfinu þykja hins vegar ekki gefa tilefni til að hefja sérstaka rannsókn á Gildi lífeyrissjóði af hálfu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Unnur Gunnarsdóttir

  
Olafur E. Friðriksson





RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 18. nóvember 2010

Tilvísun: 2010090163

14.00

Gildi-lífeyrissjóður  
Sætúni 1  
105 Reykjavík

**Varðar: Beiðni um rannsókn á málefnum Gildis lífeyrissjóðs dagsett þann 22. september 2010, lögreglumál nr. 006-2010-938.**

Embætti ríkislögreglustjóra barst framangreind beiðni Jóhanns Páls Símonarsonar þann 23. september 2010. Var ákvörðun tekin um að málið skyldi sæta rannsókn þann 30. s.m. þar sem ætluð háttsemi stjórnar og starfsmanna sjóðsins kynni að varða við ákvæði laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Lífeyrissjóðurinn sætir lögbundnu eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins sbr. lög nr. 129/1997. Með vísan til þess og frumrannsóknar ríkislögreglustjóra var beiðni Jóhanns Páls send Fjármálaeftirlitinu til skoðunar og sérstaklega með tilliti til þess hvort eftirlit með sjóðnum hefði verið með fullnægjandi hætti. Þann 17. nóvember sl. barst embætti ríkislögreglustjórans meðfylgjandi svarbréf Fjármálaeftirlitsins þar sem segir að efni bréfsins þyki ekki gefa tilefni til að hefja sérstaka rannsókn af hálfu Fjármálaeftirlitsins á Gildi lífeyrissjóði.

Með vísan til framangreinds telur ríkislögreglustjóri hvorki tilefni né grundvöll til að halda áfram rannsókn málsins og hefur því tekið þá ákvörðun með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 að hætta rannsókn í ofangreindu máli.

Þá er bent á að ákvörðun ríkislögreglustjóra er kæránleg til ríkissaksóknara innan mánaðar ef þér viljið ekki una henni, sbr. 5. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 6. mgr. VII. ákvæðis til bráðabirgða sömu laga, sbr. 3. gr. laga nr. 156/2008 og 1. gr. laga nr. 123/2009.

Skrifstofa ríkislögreglustjóra

*Alda H. Jón.*  
Alda Hrönn Jóhansdóttir  
settur saksóknari efnahagsbrota

Afrit:  
Advocatus slf.  
Þórarinn V. Þórarinsson hrl.  
Nóatún 17  
105 Reykjavík

## 2.2. YFIRLIT YFIR LÍFEYRISSJÓÐI Í STÆRÐARRÖÐ 31.12.2009

		Hrein eign 31.12.2009 þús.kr.	Hrein eign 31.12.2008 þús.kr.	Aukning árið 2009 %
1	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1) 3) 328.470.579	286.856.302	14,5%
2	Lífeyrissjóður verslunarmanna	283.167.253	248.760.967	13,8%
3	Gildi lífeyrissjóður	227.306.406	208.942.135	8,8%
4	Stapi lífeyrissjóður	100.303.114	95.743.586	4,8%
5	Samcnaði lífeyrissjóðurinn	99.207.859	90.474.233	9,7%
6	Almenn lífeyrissjóðurinn	91.419.877	83.660.196	9,3%
7	Stafir lífeyrissjóður	79.968.165	75.936.904	5,3%
8	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	76.866.750	68.051.848	13,0%
9	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	67.720.289	58.223.216	16,3% #KCOA
10	Festa lífeyrissjóður	58.393.565	54.563.437	7,0%
11	Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	1) 52.493.758	47.300.619	11,0%
12	Lífeyrissjóður bankamanna	43.750.270	39.139.723	11,8%
13	Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	3) 41.969.670	33.596.964	24,9% +KCOA
14	Lífeyrissjóður verkfræðinga	31.395.685	26.964.632	16,4%
15	Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	27.461.383	24.362.486	12,7%
16	Íslenski lífeyrissjóðurinn	26.164.962	26.934.557	-2,9% RM
17	Lífeyrissjóður Vestfirðinga	25.144.296	22.869.247	9,9%
18	Lífeyrissjóður bænda	21.691.472	20.319.787	6,8%
19	Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	1) 21.368.278	19.626.077	8,9%
20	Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	15.418.292	13.968.831	10,4%
21	Eftirlaunasjóður FÍA	15.266.670	13.765.966	10,9%
22	Kjölur lífeyrissjóður	2) 8.036.097	8.004.988	0,4%
23	Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	1) 7.377.907	6.721.325	9,8%
24	Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka	2) 6.190.282	6.393.439	-3,2% RM
25	Lífeyrissjóður Rangveinga	4.890.971	4.477.638	9,2%
26	Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	1) 2.811.094	2.468.499	13,9%
27	Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	1) 2.801.216	2.436.645	15,0%
28	Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	2.467.036	2.300.877	7,2%
29	Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	1) 1.868.982	1.773.547	5,4%
30	Lífeyrissjóður Akrameskaupstaðar	1) 922.918	889.070	3,8%
31	Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	2) 807.003	750.080	7,6%
32	Lífeyrissjóður starfsmanna Húsvafkurkaupstaðar	1) 565.143	526.498	7,3%
33	Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	1) 509.250	504.378	1,0%
34	Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	2) 323.987	389.420	-16,8% RM
35	Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	1) 92.750	80.873	14,7% RM
36	Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands hf.	2) 87.303	115.563	-24,5%
37	Eftirlaunasjóður starfsmanna Útvegsbanka Íslands	1) 2) 19.262	1.888	920,2%
	<b>Samtals:</b>	<u>1.774.719.794</u>	<u>1.597.896.441</u>	<u>11,1%</u>

### Skýringar:

- 1) Ábyrgð annarra á skuldbindingum. 2) Tekur ekki við iðgjöldum.  
3) Stjórnir sjóðanna ákvarða iðgjald launagreiðanda þannig að það dugi til greiðslu á skuldbindingum A-deilda.

### 3.2. EFNAHAGSREIKNINGAR 31.12.2009

Fjárhæðir í þús. kr.	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins (1)	Lífeyrissj. verslunar- manna (2)	Gildi lífeyris- sjóður (3)	Stapi lífeyris- sjóður (4)
<b>EIGNIR</b>				
Óefnislegar eignir	0	0	0	0
<b>Fjárfestingar</b>	325.688.315	262.251.826	227.910.217	95.448.670
Húseignir og lóðir	123.783	254.563	190.717	68.800
<i>Samtæðu- og hlutdeildarfélag</i>	0	0	0	0
Hlutir í samtæðufélögum	0	0	0	0
Lán til samtæðufélaga	0	0	0	0
Hlutir í hlutdeildarfélagum	0	0	0	0
Lán til hlutdeildarféлага	0	0	0	0
<i>Aðrar fjárfestingar</i>				
Verðbréf með breytilegum tekjum	134.224.440	109.002.291	79.975.260	40.132.940
Verðbréf með föstum tekjum	131.452.191	106.991.937	120.166.727	51.749.574
Veðlán	57.238.985	44.575.531	14.406.784	1.172.361
Önnur útlán	0	0	0	0
Bankainnstæður	2.632.177	1.427.504	13.146.980	2.321.665
Aðrar fjárfestingar	16.738	0	23.749	3.329
<i>Aðrar fjárfestingar</i>	325.564.532	261.997.263	227.719.500	95.379.870
<i>Fjárfestingar</i>	325.688.315	262.251.826	227.910.217	95.448.670
<b>Kröfur</b>	3.490.012	2.644.318	1.853.014	703.336
Á samtæðu- og hlutdeildarfél.	0	0	0	0
Á launagreiðendur	3.277.719	2.321.200	1.721.689	671.451
Aðrar kröfur	212.293	323.118	131.325	31.885
<i>Kröfur</i>	3.490.012	2.644.318	1.853.014	703.336
<b>Aðrar eignir</b>	17.770.443	36.601.320	4.807.762	9.873.582
Rekstrarfjárm. og aðrar efnisl. eignir	7.972	66.413	17.391	1.578
Sjóður og veltiinnlán	17.762.471	36.534.907	4.790.371	9.872.004
Aðrar eignir	0	0	0	0
<i>Aðrar eignir</i>	17.770.443	36.601.320	4.807.762	9.873.582
<b>Fyrirfr.gr.kostn.og áfallnar tekjur</b>	0	0	0	0
<b>EIGNIR SAMTALS</b>	346.948.771	301.497.464	234.570.993	106.025.588
<b>SKULDIR</b>	18.478.191	18.330.211	7.264.587	5.722.474
Skuldbindingar	88.257	0	0	0
<b>Viðskiptaskuldir</b>	18.389.934	18.330.211	7.264.587	5.722.474
Skuldir við samst.- og hlutdeildarfél.	0	0	0	5.665.090
Skuldir við lánastofnanir	17.715.744	17.881.366	7.113.040	0
Skuldabréfalán	0	0	0	0
Aðrar skuldir	674.190	448.845	151.547	57.384
<i>Viðskiptaskuldir</i>	18.389.934	18.330.211	7.264.587	5.722.474
<b>Áfallinn kostn. og f.fr.innh.tekjur</b>	0	0	0	0
<b>SKULDIR SAMTALS</b>	18.478.191	18.330.211	7.264.587	5.722.474
<b>HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS</b>	328.470.580	283.167.253	227.306.406	100.303.114

### 3.3. SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2009

Fjárhæðir í þús. kr.	Lífeyrissj. starfsm. ríkisins (1)	Lífeyrissj. verzlunarmanna (2)	Gildi lífeyrissjóður (3)	Stapi lífeyrissjóður (4)	Sameinaði lífeyrissjóðurinn (5)	Almennir lífeyrissjóðurrinn (6)
<b>Inngreiðslur</b>						
Iðgjöld	28.867.099	15.869.440	11.692.635	5.110.363	5.529.929	7.144.055
Fjárfestingartekjur	5.401.242	12.427.079	6.486.958	3.909.049	2.658.154	2.713.339
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0	0
Afborganir verðbréfa	14.312.808	5.754.223	9.699.749	2.755.277	6.350.827	1.069.025
Seld verðbréf m. breytli. tekjum	15.745.620	9.893.190	8.760.489	11.667.528	7.076.746	9.438.774
Seld verðbréf m. föstum tekjum	29.153.145	468.976	9.097.806	7.694.547	25.223.632	2.271.795
Lækkun á bankainnstæðum	0	0	-113.665	0	0	90.000
Seldar aðrar fjárfestingar	0	0	0	0	0	0
Aðrar inngreiðslur	0	248.978	39.576	1.281.902	0	1.477.515
<i>Inngreiðslur</i>	93.479.914	44.661.886	45.663.548	32.418.666	46.839.288	24.204.503
<b>Útgreiðslur</b>						
Lífeyrir	22.424.710	6.377.796	7.532.204	2.911.968	3.305.155	2.932.128
Útgr. séreignarsp. skv. brb. VIII	321.467	549.227	352.025	170.850	402.321	2.413.077
Fjárfestingargjöld	261.732	260.052	142.940	49.702	132.157	165.683
Rekstrarkostnaður án afskrifta	263.747	232.005	265.459	76.627	115.997	235.243
Önnur gjöld	0	0	0	0	0	0
Aðrar útgreiðslur	0	69.491	0	3.329	63.538	203.998
<i>Útgreiðslur</i>	23.271.657	7.488.571	8.292.628	3.212.476	4.019.168	5.950.128
<b>Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu</b>	70.208.257	37.173.315	37.370.920	29.206.190	42.820.120	18.254.375
<b>Kaup á verðbr. og önnur fjárfesting</b>						
Verðbréf með breytilegum tekjum	41.147.978	8.788.324	10.468.085	14.401.955	4.076.707	3.469.933
Verðbréf með föstum tekjum	19.734.386	22.793.575	30.228.183	25.049.060	40.372.843	8.913.407
Ný veðlán og útlán	4.053.146	3.667.961	690.647	0	1.068.823	0
Hækkun á bankainnstæðum	0	970.739	10.337.190	516.052	0	4.939.000
Aðrar fjárfestingar	18.860	11.211	0	0	0	0
Húseignir og lóðir	0	0	0	0	0	0
Samstæðu- og hlutdeildarfélag	0	0	0	0	0	0
<i>Kaup á verðbr. og önnur fjárfest.</i>	64.954.370	36.231.810	51.724.105	39.967.067	45.518.373	17.322.340
<b>Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun</b>	12.508.584	35.593.402	19.143.556	20.632.881	7.427.125	3.972.348
<b>Sjóður og veltiinnlán í árslok</b>	17.762.471	36.534.907	4.790.371	9.872.004	4.728.872	4.904.383

Arth Fel.

## 4.2. KENNITÖLUR SAMTRYGGINGARDEILDA ÁRIÐ 2009

	Lífeyrissjóður stn. ríkisins		Lífeyrissjóður verslunarmanna	Gildi lífeyris- sjóður	Stapi lífeyris- sjóður	Sæmnaði lífeyris- sjóðurinn
	(1)	(2)				
	B-deild	A-deild		(3)	(4)	(5)
Hrein raunávöxtun (%)	1	3,0	2,5	1,1	-1,7	-1,4
Meðalávöxtun 2005-2009 (%)	2	-0,8	-0,6	0,3	-1	*0,9
Skráð verðbréf með br. tekjum (%)		40	33,9	36,7	22,1	24,1
Skráð verðbréf með föst. tekjum (%)		32,9	42,9	39,4	51,5	50,4
Óskráð verðbréf með br. tekjum (%)		3,1	3,6	4,9	13	7,9
Óskráð verðbréf með föst. tekjum (%)		6	1,6	1,4	1,3	1,8
Veðlán (%)		18	18	17	6,4	15,8
Annad (%)		0	0	0,6	5,7	0
<b>Samtals:</b>	3	100	100	100	100	100
Eignir í ísl. kr. (%)		57,9	63	60,2	66,1	66,7
Eignir í erl. gjaldmiðlum (%)		42,1	37	39,8	33,9	33,3
<b>Samtals:</b>	4					
Fjöldi virkra sjóðfélaga	5	5.644	22.773	32.305	25.521	12.527
Fjöldi virkra lífeyrisþega	6	10.851	1.505	9.049	14.552	7.072
Fjöldi sjóðfél. sem nutu útr. séroignarp.		0	0	0	0	0
Ellilífeyrir (%)		77,3	29,2	63,6	62,1	61,9
Órorkulífeyrir (%)		3,7	59,4	26,1	29,6	29,5
Makalífeyrir (%)		18,9	4,2	8,5	7,1	7,2
Barnalífeyrir (%)		0,1	7,1	1,8	1,2	1,4
Annar lífeyrir (%)		0	0,0	0	0	0,2
<b>Samtals:</b>	7	100	100,0	100	100	100
Meðalfjöldi starfsmanna	8	0	0	28,8	23	10,3
Lífeyrisbyrði	9	667,5	6,7	29	63	57
Hrein eign umfram heildarskuldb. (%)	10	-62	-13,2	-10,8	-11,6	-9,7
Hrein eign umfram áfallnar skuldb. (%)	11	-62,4	-4,7	-13,8	-15,3	-16,5

Ýmsar athugasemdir:

\*Stiga- og Aldurst.  
deildir samein-  
uðust í byrjun  
árs 2008

### Skýringar á kennitölum:

- Hrein raunávöxtun miðað við vísitölu neysluverðs (8,63% hækkun á árinu 2009) sjá skýringu í inngangi að kafla 4.
- Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára samkvæmt úrsreikningum.
- Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga.
- Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum.
- Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu 2009.
- Meðaltal fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu 2009
- Með öðrum lífeyri er átt við lífeyri sem erfist.
- Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2009.
- Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum
- Fjárhagsleg staða sjóðsins skv. tryggingafræðilegri úttekt m.v. 31.12.2009.  
(Eignir + núvirði framtíðariðgj.) - heildarskuldbinding) / heildarskuldbinding.
- Fjárhagsleg staða sjóðsins skv. tryggingafræðilegri úttekt m.v. 31.12.2009.  
(Eignir - áfallin skuldbinding) / áfallin skuldbinding.

## 8.1 TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN ÁRIÐ 2009

Eftirfarandi yfirlit sýnir samantekt á helstu niðurstöðum eigna og skuldbindinga m.v. 31.12.2009  
Niðurstöður eru miðaðar við gildandi samþykktir í árslok 2009

Lífeyrissjóðir	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða samtals	Heildarstaða %
Almanni lífeyrissjóðurinn	-12.246.458	1.947.821	-10.298.637	-11,1%
Eftirlaunasjóður FÍA	-4.518.800	141.047	-4.377.753	-13,6%
Eftirlaunasjóður Reykjaneshæjar	-2.668.100	-461.800	-3.129.900	-49,8%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Giltis banka	750.875	0	750.875	13,9%
Eftirlaunasjóður stm. Hafnarfjarðarkaupstaðar	-7.374.300	-1.334.500	-8.708.800	-78,4%
Eftirlaunasjóður Slátturfélags Suðurlands	-142.867	0	-142.867	-12,7%
Eftirlaunasjóður stm. Útvegsbanka Íslands	-4.227.770	0	-4.227.770	-99,5%
Festa lífeyrissjóður	-9.727.778	-3.164.887	-12.892.664	-9,9%
Fjálsli lífeyrissjóðurinn	-4.658.400	665.200	-3.993.200	-8,0%
Gildi lífeyrissjóðir	-41.968.071	-10.099.031	-52.067.102	-11,6%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	-555.600	-171.503	-727.103	-5,1%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	-4.127.681	-237.566	-4.365.247	-79,9%
Lífeyrissjóður bænda	-2.601.660	-1.601.233	-4.202.893	-13,3%
Lífeyrissjóður bankamanna	-2.973.200	-539.800	-3.513.000	-4,8%
Hlutfallsdeild	-1.295.500	-1.001.400	-2.296.900	-5,8%
Aldursdeild	-1.677.700	461.600	-1.216.100	-3,7%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands hf	-51.583	0	-51.583	-35,7%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	-38.006.978	-4.282.100	-42.289.078	-64,3%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	-1.207.642	-79.671	-1.287.313	-70,0%
Lífeyrissjóður Rangæinga	-868.300	-324.500	-1.192.800	-11,8%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	-3.405.200	-1.064.400	-4.469.600	-33,8%
Lífeyrissjóður stm. Búnaðarbanka Íslands hf.	2.428.618	-328.500	2.100.118	13,5%
Lífeyrissjóður stm. Húsavíkurkaupstaðar	-1.491.300	-125.100	-1.616.400	-71,5%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	-4.331.329	-952.280	-5.283.608	-59,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	-322.824.689	-77.605.627	-400.430.316	-42,1%
B-deild	-316.013.185	-33.419.953	-349.433.138	-62,0%
A-deild	-6.811.505	-44.185.673	-50.997.178	-13,2%
Lífeyrissjóður stn. Reykjavíkurborgar	-10.696.022	-5.340.300	-16.036.322	-21,7%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	-775.200	-10.975.200	-11.750.400	-9,2%
A-deild (Stigak.)	-659.300	-10.219.900	-10.879.200	-10,2%
V-deild	-115.900	-755.300	-871.200	-4,1%
Lífeyrissjóður stm. Vestmannaeyjabæjar	-3.353.259	-272.400	-3.625.659	-94,1%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	-10.600	14.400	3.800	0,4%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	-11.947.200	1.530.000	-10.417.200	-14,8%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	-44.350.000	-17.509.000	-61.859.000	-10,8%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	-4.525.362	-985.697	-5.511.059	-11,9%
Kjölur lífeyrissjóður	-2.330.009	0	-2.330.009	-21,8%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	-878.000	-1.371.000	-2.249.000	-5,3%
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	-128.800	0	-128.800	-28,1%
Samnefnd lífeyrissjóðurrinna	-19.357.301	1.620.200	-17.737.101	-9,7%
Stafur lífeyrissjóður	-25.665.300	5.138.600	-20.526.700	-12,9%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	-1.368.000	-3.019.000	-4.387.000	-3,8%
Stapi lífeyrissjóður	-14.270.300	-6.874.700	-21.145.000	-10,8%
<b>Samtals:</b>	<b>-606.453.565</b>	<b>-137.662.527</b>	<b>-744.116.092</b>	<b>-20,8%</b>